

fyrir að inna af hendi þau störf, sem ekkert er ákveðið um í lögum nr. 15. 5
15. okt. 1875, og sætir það þá, ef til kemur, úrskurði dómstólanna, hvort hann 19. jan.
hefur gætt sanngirni í kröfum sínum.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til sjera Jens Pálssonar á Útskál- 6
um, um hlunnindi handa sparisjóði á Rosmhvalanesi. — Með brjefi 22. jan.
þessu veitti landshöfðingi með venjulegum skilyrðum sparisjóði á Rosmhvala-
nesi hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, um 5 ára tímabil, er
teljist frá 1. janúar þ. á. til 1. janúar 1897.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamt- 7
inu, um kaup á jarðarhúsum handa Þjóðjörð. — Þjer hafð herra 23. jan.
amtmaður með þóknanlegu brjefi dags. 18. þ. m. skýrt mjer frá, að Þjóðjörðinni
Vestra-Norðurgarði á Vestmannaeyjum, sem sje laus úr ábúð frá næstkomandi
fardögum, fylgi engin jarðarhús, heldur eigi hinn núverandi ábúandi öll húsin,
sem á jörðinni eru, svo sem baðstofu, eldhús og fjós, sem eptir lauslegri virð-
ingu muni öll til samans vera 500 kr. virði, og hafð þjer jafnframt mælt með
þeirri tillögu sýslumannsins á Vestmannaeyjum að landssjóður kaupi tjeð jarð-
arhús af eigandanum og sjeu þau síðan látin fylgja jörðinni.

Útaf þessu skal yður Þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma
um, að rjett sje að hin nauðsynlegu jarðarhús fylgi jörð þessari, og því vil jeg
fallast á, að fyrnefnd hús verði keypt af ábúandanum eptir mati löglegra út-
tektarmanna, en þó eigi fyrir meir en 500 kr., og skal þá hækka landsskuld-
ina þannig, að hækkunin svari til 4% af þeirri upphæð, sem jarðarhúsin verða
metin og keypt fyrir.

Brjef landshöfðingja til stjórnar landsbankans, um breyting á 8
reglugjörð bankans 5. júní 1886. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 20. þ. m., 29. jan.
hefir hinn háttvirta bankastjórn samkvæmt áskorun minni sent mjer tillögur sín-
ar útaf þingsályktun, samþykktri af báðum deildum alþingis f. á. þar sem skorað er
á landshöfðingja að fá því framgengt, að lands bankinn veiti lán gegn veði í húseign
um í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og verzlunarstöðum landsins, þá er hús
þessi eru vátryggð og þannig að landsbankinn annist vátryggingargjaldið fyrir hönd
lántakenda, semgreiði vátryggingargjaldið fyrirfram ásamt kostnaði skaðlaust, allt
á þann hátt, er ákveðið yrði nákvæmar með reglugjörð samkvæmt lögum 18. sept.
1885, og hefur bankastjórnin lagt það til að 11. 12. og 13. gr. í reglugjörð fyrir
landsbankann 5. júní 1886 verði breytt þannig, að nefndar greinar verði svo,
sem nú skal greina:

11. gr.

»Bankinn veitir lán gegn tryggingu í fasteign, þó að eins gegn 1. veðrjetti.

19. jan.

Til þess að menn geti fengið lán úr landsbankanum gegn fasteignarveði verða menn að fullnægja þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a. Láta virða eignina til peninga af 2 óvilhóllum, kunnugum, af sýslumanni útnefndum mönnum. Skal eigninni nákvæmlega lýst í virðingargjörðinni, og þess getið, hver hús sjeu á eigninni, sje það jörð, og hvað þau sjeu virt útaf fyrir sig; einnig skal í henni tekið fram, hvert afgang sje af jörðinni, og hafi jörðin nýlega gengið kaupum og solum, hvað gefið hafi verið fyrir hana.

Til þess að hús í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og verzlunarstöðum sjeu tekin að veði útheimtist, að þau sjeu váttryggð, og þannig, að bankinn annist váttrygginguna fyrir hönd eiganda og lántakanda; ber honum að greiða landsbankanum váttryggingargjaldið fyrirfram ásamt kostnaði skaðlaust og þóknun fyrir. Landsbankinn tekur ekki að sjer að annast váttryggingar á húsum nema þeim, sem váttryggð eru í váttryggingarfjelögum, er hafa umhöðsmann (agent) í Reykjavík. Hús, sem fylgja jörðum, verða ekki sjerstaklega tekin að veði, enda þótt váttryggð sjeu eins og áður segir.

b. Útvega vottorð hlutadeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og vedbrjefabókunum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignarbönd liggja á eigninni, og hver þau sjeu.

c. Útvega vottorð hlutadeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutadeigandi hafi þinglesna heimild fyrir fasteigninni, eða sje það ekki unnt, þá vottorð hans um, að eignin sje vitanleg (notorisk) eign hans.

13. gr.

Landsbankinn lánar fje gegn sjálfskuldarábyrgð.

Útaf þessu skal bankastjórninni þjónustusamlega tjáð til þókn-anlegrar leiðbeiningar, að jeg samkv. 8. gr. í lögum 18. sept. 1885 legg hjer-med samþykki mitt á ofangreindar tillögur yðar, og breytast 11., 12. og 13. gr. í reglugjörð bankans 5. júní 1886 samkvæmt því.

Reglugjörð

fyrir kennarakennslu við alþýðu og gagnfræðaskólann í Flensborg.

1. gr.

Kennslan byrjar 1. apríl ár hvert, og stendur til 14. maímánaðar. Auk þess skal tilsögn veitt í uppeldisfræði frá 1. október til 31. mars. ár hvert þeim nemendum úr efri deild skólans, sem óska þess.

2. gr.

Skilyrði fyrir því, að mega njóta kennslunnar frá 1. apríl til 14. maí eru þau, sem hjer segir:

1. Að nemandinn hafi tekið burtfararpróf við gagnfræðaskóla, kvennaskóla búnaðarskóla, eða aðra skóla, er standa skólum þessum jafnfætis, eða